

FUNDARGERÐ

Fundargerð aðalfundar Stefnis hf. 10. mars 2016 í húsakynnum Arion banka hf. að Borgartúni 19, Reykjavík.

Fundur settur kl 11:50.

I. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Hrund Rudolfsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti hluthafafundinn.

Hrund bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Stefnis hf. Hún lagði til að Harald Gunnar Halldórsson hdl. yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar og lýsti Hrund kjöri fundarstjóra.

II. Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Harald tók við stjórn fundarins. Hann gerði þá tillögu að Kristbjörg M. Kristinsdóttir yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók fram að mætt væri af hálfu beggja hluthafa félagsins. Til fundarins væri boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 7. gr. samþykktu félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

III. Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar

Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. HR fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Hrund þakkaði Svövu Bjarnadóttir stjórnarmanni sem gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn Stefnis fyrir hennar störf. Þá gerði hún grein fyrir stefnu stjórnar í starfskjaramálum auk þess sem hún gerði grein fyrir meginatriðum kaupaukakerfis félagsins.

2. Staðfesting ársreiknings

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Fundarstjóri bar ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 1000 milljónir króna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

1/3
Hrund
Knu

4. Breytingar á samþykktum

Eftirfarandi breytingartillögur lágu fyrir fundinum:

8. tölul. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

„Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar fyrir næsta kjörtímabil.“

3. mgr. 12. gr. orðist svo:

„Fundir stjórnar eru lögmætir ef til fundarins er boðað í samræmi við samþykktir og að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund eða taka þátt í fundinum með aðstoð rafrænna miðla. Til gildrar samþykktar fundarins þurfa a.m.k. þrír stjórnarmenn að greiða atkvæði með tillögu. Það sem gerist á stjórnarfundum skal bókað í sérstaka gerðarbók.“

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

5. Kosning stjórnar félagsins

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989

Jökull Heiðdal Úlfsson, kt. 200763-2119

Kristján Jóhannsson, kt. 040151-7619

Ragnhildur Sophusdóttir, kt. 260876-6009

Þórður Sverrisson, kt. 240452-3169

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í varastjórn félagsins:

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230568-5379

Þórhallur Örn Guðlaugsson, kt. 100962-3659

Fundarstjóri lýsti kjöri framangreindra aðila til stjórnar og varastjórnar.

6. Kosning endurskoðenda félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að á aðalfundi félagsins árið 2015 voru Deloitte ehf. kosnir endurskoðendur félagsins, til fimm ára og fer Pálína Árnadóttir með endurskoðun Stefnis. Það kom því ekki til kosningar endurskoðenda á fundinum, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Starfskjarastefna, sem var samþykkt á fundi stjórnar félagsins þann 18. janúar 2016, var lögð fram og samþykkt.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Ákveðið var að stjórnarlaun skyldu hækka frá fyrra ári. Þannig fái almennir stjórnarmenn greiddar 245 þús.kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greiddar 490 þús.kr. á mánuði. Varastjórnarmenn fái greiddar 50 þús.kr. fyrir hvern setinn fund í forföllum aðalmanns.

Þá var ákveðið að nefndarmenn í starfskjara- og endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 80 þús. kr. á mánuði fyrir störf sín.

Allar tillögur bornar fram til samþykktar og samþykktar samhljóða.

9. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka tók þá til máls. Hann þakkaði fyrir gott og árangursríkt ár og þakkaði starfsmönnum og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Höskuldur þakkaði Svövu sérstaklega fyrir sitt framlag til stjórnar Stefnis.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2016 slitið kl. 12:21

Reykjavík, 10. mars 2016


Harald Gunnar Halldórsson

fundarstjóri


Kristbjörg M. Kristinsdóttir

fundarritari

